# Fundarboð - Kynning á vinnu nefndar um könnun á forsendum fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands, fimmtudaginn 15. júní í Hvoli, Hvolsvelli

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | sveitarstjori@klaustur.is <sveitarstjori@klaustur.is>;sveitarstjori@vik.is <sveitarstjori@vik.is>;'Rangárþing eystra (isolfur@hvolsvollur.is)' <isolfur@hvolsvollur.is>;Ágúst Sigurðsson;nanna@asahreppur.is <nanna@asahreppur.is> |
| **Frá** | : | Guðný Lára Ingadóttir <gudny.ingadottir@uar.is> |
| **CC** | : | Guðjón Bragason <gudjon.bragason@samband.is>;Valtýr Valtýsson <valtyr@blaskogabyggd.is>;Dagbjört Jónsdóttir <dagbjort@thingeyjarsveit.is>;Björn Helgi Barkarson <bjorn.helgi.barkarson@uar.is> |
| **Heiti** | : | Fundarboð - Kynning á vinnu nefndar um könnun á forsendum fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendi Íslands, fimmtudaginn 15. júní í Hvoli, Hvolsvelli |
| **Málsnúmer** | : | 1706009 |
| **Málsaðili** | : | Umhverfis- og auðlindaráðuneyti |
| **Skráð dags** | : | 09.06.2017 13:08:32 |
| **Höfundur** | : | Guðný Lára Ingadóttir <gudny.ingadottir@uar.is> |

**Ásahreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhreppur**

**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga** boða til fundar þar sem kynnt verður vinna nefndar á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis um könnun á forsendum fyrir stofnun þjóðgarðs á miðhálendinu. Markmið fundarins er að fá fram sjónarmið kjörinna fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem eiga land að miðhálendinu um verndun miðahálendisins og hugmynda um þjóðgarð.

Fundurinn verður haldinn í **félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli 15. júní kl. 12:00 - 14:00.** Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

Óskað er eftir staðfestingu á mætingu á fundinn á í síðasta lagi **þriðjudaginn 13. júní** á netfangið gudny.ingadottir@uar.is. Gert er ráð fyrir að tveir til þrír fulltrúar mæti frá hverju sveitarfélagi.

**Dagskrá fundar:**
1. Innlegg umhverfis- og auðlindaráðherra - *Björt Ólafsdóttir*
2. Kynning á starfi nefndar um forsendur fyrir stofnun miðhálendisþjóðgarðs - *Sigríður Auður Arnardóttir, formaður nefndar*
3. Kynning á starfi svæðisráða Vatnajökulsþjóðgarðs - *Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði og formaður svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs*
4. Umræður sem fela m.a. í sér innlegg frá fulltrúum hvers sveitarfélags, áhyggjur, hagsmunir, tækifæri og ógnanir - *fulltrúar sveitarfélaga*
5. Almennar umræður

Ef einhverjir fulltrúar hafa ekki tök á að sækja kynningarfundinn á Hvolsvelli 15. júní þá verður haldinn samskonar kynningarfundur í félagsheimilinu **Aratungu 12. júní kl. 12:00 - 14:00 (hádegisverður kl. 11:30)** sem fulltrúum er boðið að sækja ef það hentar betur. Ef fulltrúar hyggjast sækja þann fund er óskað eftir staðfestingu á mætingu fyrir lok dags í dag.

Einnig er vakin athygli á því að kynningarfundur verður haldinn á Narfastöðum 14. júní kl. 12:00 - 14:00 og fyrirhugaðir eru kynningarfundir með sveitarfélögum á Vesturlandi og Norðvesturlandi og Austurlandi í ágúst.

--------------------------------------------------------------------

Guðný Lára Ingadóttir, ritari ráðuneytisstjóra / Secretary to the Permanent Secretary

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, skrifstofa yfirstjórnar
Ministry for the Environment and Natural Resources, Senior Management

Skuggasund 1, 150 Reykjavík, Iceland

Sími 545-8600, fax 562-4566 / Tel: +354-545-8600, fax +354-562-4566

www.umhverfisraduneyti.is / www.environment.is

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en þið prentið
Please consider the environment before printing